

## FW: Gögn og leiðbeiningar fyrir nýjar skólanefndir

**Til** : Ragnhildur Jónsdóttir  
**Frá** : Ragnhildur Jónsdóttir  
**Heiti** : FW: Gögn og leiðbeiningar fyrir nýjar skólanefndir  
**Málsnúmer** : 201807029  
**Málsaðili** : Samband íslenskra sveitarfélaga  
**Skráð dags** : 10.08.2018 11:32:26  
**Höfundur** : Ragnhildur Jónsdóttir

Viðhengi [image001.gif](#)[image001.gif](#)

Áframsent – RJ

**From:** Svandís Ingimundardóttir

**Sent:** 9. ágúst 2018 15:41

**To:** Svandís Ingimundardóttir <[svandis.ingimundardottir@samband.is](mailto:svandis.ingimundardottir@samband.is)>

**Subject:** Gögn og leiðbeiningar fyrir nýjar skólanefndir

Ágætu formenn skóla- og fræðslunefnda, aðrir nefndarmenn og áheyrnarfulltrúar.

Sambandið hefur staðið fyrir námskeiðum fyrir nýjar skólanefndir sem haldin hafa verið þegar vel er liðið á fyrsta vetur nefndanna í starfi. Hlutverk og skyldur skólanefnda geta virst bæði yfirgripsmikil og flókin við fyrstu sýn og mikilvægt er að setja sig vel inn í hlutverk, ábyrgð og skyldur nefndarinnar. Á vef sambandsins er að finna margvíslegt efni sem varpar ljósi á þessa þætti og er hér vakin athygli á því:

<http://www.samband.is/verkefni/skolamal/skolanefndir/>

Þar má m.a. finna:

- 6. gr. [laga um grunnskóla](#) þar sem meginhlutverk skólanefndar er skilgreint. En til viðbótar þeim starfsskyldum skólanefndar sem taldar eru upp í 6. gr. kemur verksvið nefndarinnar við sögu í eftirfarandi greinum laganna: 8., 14., 20., 28., 29., 41., 45., 46. og 47. grein. Í 4. gr. [laga um leikskóla](#) er fjallað um sambærilega nefnd fyrir það skólastig.
- Undir tenglinum „Tengt efni“ til hægri á síðunni má sjá:
  - Námsefni frá námskeiðahaldi fyrir skólanefndir frá 2015
  - Spurningar og svör í tengslum við fyrri námskeið sem afar gagnlegt getur verið að renna í gegnum m.a. um hæfi og kjörgengi nefndarmanna, aðkomu áheyrnarfulltrúa o.fl.
  - Ýmisleg gögn í tengslum við námskeiðahaldið 2011 m.a.
    - Nokkur raunhæf verkefni og glærur fyrirlesara
    - Yfirlit yfir ábyrgð og skyldur skólanefnda o.fl.

Sambandið hefur hug á því að breyta fyrirkomulagi námskeiðahalds fyrir skólanefndir m.a. í ljósi niðurstaðna úr könnun sem framkvæmd var meðal fráfarandi formanna skólanefndar fyrr í sumar. Ekki er ljóst á þessum tímapunkti hvenær hægt verður að auglýsa þau námskeið en þangað til geta meðfylgjandi upplýsingar vonandi komið ykkur að gagni.

Ykkur er velkomið að óska eftir leiðbeiningum eða senda fyrirspurnir til sambandsins um álitaeftni sem upp koma eða annað sem kallað getur á utankomandi ráðgjöf í tengslum við starf nefndarinnar.

Samband íslenskra sveitarfélaga óskar ykkur velfarnaðar í störfum í skólanefnd sveitarfélagsins.

Með kveðju,  
Svandís.



**Svandís Ingimundardóttir**

skólamálafulltrúi

Beint innval: 515 4919

Netfang: [svandis.ingimundardottir@samband.is](mailto:svandis.ingimundardottir@samband.is)

**Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

[www.samband.is](http://www.samband.is)

---

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.